

Lög

um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, með síðari breytingum.

1. gr.

8. gr. laganna ásamt fyrirsögn fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:

- a. 1. tölul. orðast svo: Tekjuskattshlutfall viðkomandi félags skal, í þann tíma sem kveðið er á um í 3. mgr., vera 18%.
- b. 4. tölul. orðast svo: Félagið skal undanþegið stimpilgjöldum af öllum stimpilskyldum skjölum sem félagið gefur út eða stofnað er til í tengslum við uppbyggingu viðkomandi fjárfestingarverkefnis.
- c. Í stað hlutfallstölunnar „30%“ í 6. tölul. kemur: 50%.
- d. Í stað hlutfallstölunnar „20%“ í 7. tölul. kemur: 50%.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi og koma til framkvæmda þegar samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á ákvæðum laganna liggur fyrir.

Samþykkt á Alþingi 13. mars 2013.

